



LEIKSKÓLINN ROFABORG

2025



Efnis- yfirlit

Inngangur.....	2
Saga Rofaborgar.....	3
Stefna Rofaborgar.....	4
Stjórnun og starfsfólk.....	8
Einkunnarorð.....	10
Menning og hefðir.....	11
Grunnpættir menntunar.....	13
Læsi og samskipti.....	14
Heilbrigði og vellíðan.....	16
Sjálfbærni og vísindi.....	20
Sköpun.....	24
Leikurinn.....	26
Samstarf og samskipti.....	28
Stuðningur í leikskólastarfi.....	32
Aukin málörvun fjöltyngdra barna.....	35
Samfélagsleg ábyrgð.....	36
Innra mat.....	38
Að lokum.....	44
Heimildir.....	45



Reykjavík





Inngangur

Þessi skólanámskrá er í eigu leikskólans Rofaborgar í Árbæ. Hún er samstarfsverkefni barna, kennara, stjórnenda og foreldra. Hún er unnin út frá hópavinnu, samtölum, viðhorfskönnunum sem sendar voru til foreldra og viðtölum á starfsárinu 2024-2025. Börnin í Rofaborg gáfu álit sitt með margvíslegum hætti og myndskreyttu námskránnu að lokum. Lokauppsetning var í höndum Margrétar Sæmundsdóttur, aðstoðarleikskólastjóra og ábyrgðaraðili er Guðlaug Kristinsdóttir, leikskólastjóri Rofaborgar. Foreldraráð Rofaborgar fór yfir skólanámskrána og veitti henni umsögn sem sjá má í viðauka. Við teljum skólanámskrána vera góðan vegvísi sem gefur góða mynd af því metnaðarfulla starfi sem unnið er í Rofaborg. Lestur skólanámskráarinnar á að veita lesandanum góða innsýn í undraheim leikskólastarfsins og kynna þá barnamenningu sem hér hefur skapast.

Aðalnámskrá


„Aðalnámskrá leikskóla er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf. Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið nánar á um hlutverk leikskóla á grundvelli laga um leikskóla og reglugerða um menntun, uppeldi og umönnun í leikskóla. Námskráin fjallar um menntunar-, uppeldis- og umönnunarhlutverk leikskólans, kveður á um markmið og fyrirkomulag leikskólastarfs og ólíkar kröfur og réttindi sem taka til allra í hlutaðeigandi skólasamfélagi“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Lesið má nánar um hlutverk Aðalnámskrár leikskóla [hér](#)

Skólanámskrá

„Á grunni Aðalnámskrár á sérhver leikskóli að móta sína eigin skólanámskrá. Námskráin á að vera skrifleg og aðgengileg öllum þeim sem málið varðar. Í skólanámskrá á að gera grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem Aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Lesið má nánar um hlutverk skólanámskrár [hér](#)



SAGA Rofaborgar



Rofaborg er fimm deilda leikskóli staðsettur í Árbæjarhverfi við rætur Elliðaárdals sem er ein af fegurstu náttúruperlum borgarinnar. Dalurinn nýtur borgarverndar vegna sérstaks náttúrufars og útivistarmöguleika. Um dalinn rennur Elliðaá, sem er fengsæl veiðiá (Árni Hjartarsson og Helgi Máni Sigurðsson, 2016). Þegar gengið er um dalinn má sjá fjölbreytt gróðurfar og hæstu tré borgarinnar í skógivöxnum árhólmanum en talið er að trjárækt hafi hafist í Elliðaárdal upp úr 1920. Fuglalíf er fjölskrúðugt í dalnum. Á varptíma má finna mikla fjölbreytni í fuglalífi og á veturna eru alltaf þónokkrar tegundir sem hafa þar vetrarsetu. Ekki er óalgengt að finna þar fjölbreyttar andategundir, mávategundir og álfir. Í dalnum er einnig að finna merkilega sögustaði og friðlýstar minjar. Frá Rofaborg er stutt í Árbæjarlaug, Fylkisvöll, bókasafnið og Árbæjarsafn.

Rofaborg tók til starfa í nóvember 1985. Leikskólinn stendur við svokallaðan Selásblett, en fyrir miðja síðustu öld var svæðið eitt af sumarbústaðalöndum Reykvíkinga. Þegar byggð tók að þéttast í Árbænum rak Sumargjöf þar dagheimilið Selásborg.

Fyrstu 10 árin var Rofaborg þriggja deilda leikskóli en árið 1995 var fjórðu deildinni bætt við þar sem áður var Selásborg. Árið 2008 var tekin í notkun 320 fm viðbygging með tveimur leikskóladeildum, listaskála og sal til hreyfileikja. Í kjölfarið var gamla Selásborgin rifin. Þar sem hún stóð er nú steinhleðsla sem börnin nýta til leiks og er jafnframt minnisvarði um “gamla Spóaland”.

Í Rofaborg eru nú fimm aldursskiptar deildir sem allar eru nefndar eftir hinum fjölskrúðugu fuglategundum Elliðaárdalsins. Á Krummalandi og Spóalandi dvelja elstu börn leikskólans sem eru á aldrinum fjögurra til sex ára og eru 24 börn á hvorri deild. Á Lóulandi og Þrastalandi eru börn á aldrinum tveggja til fjögurra ára og eru 16 börn á hvorri deild. Svanaland er ungbarnadeild leikskólans og dvelja þar börn á aldrinum eins til tveggja ára. Í flestum tilfellum flytjast börn á milli deilda í ágúst þegar elstu börnin flytjast yfir í grunnskólann og ný börn byrja.

Stefna Rofaborgar

Vorið 2024 ákvað stjórn leikskólans í samstarfi við starfsfólk og foreldraráð Rofaborgar að breyta þeirri stefnu sem unnið er eftir í leikskólanum. Hingað til hafði stefna leikskólans verið, eins og við oft kölluðum hana, heimatilbúin og saumuð saman úr fræðum margra frumkvöðla og fræðimanna í námi og þroska barna. Þar má meðal annars nefna John Dewey, Jean Piaget og Lev Vygotsky. Þó að þessi stefna hafi að mörgu leyti verið góð þá var hún ekki alveg nógu skýr, hvorki fyrir nýtt starfsfólk né foreldra. Var því ákveðið að aðlaga námskrá og stefnu leikskólans að stefnu Reggio Emilia sem hefur hlotið mikið lof fyrir barnmiðað nám þar sem þátttaka barna, lýðræði og skapandi hugsun er í forgrunni. Við höfum þó ekki sleppt taki af ofangreindum kennismiðum því margt í uppeldisfræðilegri stefnu Reggio Emilia svipar til eða á rætur sínar að rekja til hugmyndafræði þessara ágætu fræðimanna.

Uppruni Reggio Emilia-stefnunnar

Reggio Emilia-stefnan mótaðist snemma eftir seinni heimsstyrjöldina í samnefndri borg á Ítalíu. Sandra Smidt (2012) fjallar um tilurð stefnunnar og einn af upphafsmönnum hennar, Loris Malaguzzi, í bók sinni *Introducing Malaguzzi*. Hún segir frá heimsókn sinni til Reggio Emilia þar sem hún tók viðtal við Malaguzzi um uppruna stefnunnar. Hann lýsti því að eftir seinni heimstyrjöldina hefðu verið nokkrar konur í litlum bæ nálægt Reggio Emilia sem börðust fyrir því að fjármunir sem bærinn hafði undir höndum myndu fara í að byggja leikskóla. Einhverjar hugmyndir höfðu verið uppi um að fjármunirnir yrðu nýttir í uppbyggingu menningarlífs í bænum með því að byggja leikhús en á endanum stóð samfélagið saman að þeirri ákvörðun að byggja leikskóla. Það var mikill samhugur meðal borgaranna um að mikilvægt væri að börn fengju menntun sem væri ekki undir stjórn kaþólsku kirkjunnar heldur menntun sem myndi tryggja að ekkert barn þyrfti að alast upp við óréttlæti og ójöfnuð, eins og áður hafði verið. Malaguzzi lýsir því hvernig menn og konur úr mismunandi stéttum samfélagsins unnu saman hörðum höndum að byggingu fyrstu Reggio Emilia-skólanna. Skólarnir voru reistir úr steinum og timbri frá rústum gamalla bygginga sem höfðu eyðilagst í stríðinu og var áhersla lögð á að byggingarnar væru sem náttúrulegastar.

„Þetta er ég að fara í ferð, að róla, fara í holó [Hollowblock kubbar] og púða, fara í hvíld og svo borða“

-Embla Sóllilja, 5 ára



Barnmiðað nám og Reggio Emilia

Þegar fjallað er um Reggio Emilia-skóla er gjarnan talað um að þar fari fram barnmiðað nám eða barnmiðuð nálgun. Það felur í sér að lögð er áhersla á að börn séu hæfir, getumiklir og sterkir einstaklingar sem hafa rétt á að taka þátt í samfélagi þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Litið er svo á að til þess að börn læri og dafni þurfi samfélagið að vera meðvitað um að börn hafi margt til málanna að leggja og að þau hafi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og hugmyndir um málefni sem þau varða (Rinaldi, 2005). Í skólum þar sem barnmiðað nám fer fram er markmiðið að undirbúa börn undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi með því að kenna frá unga aldri lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti.



Námskrágerð í anda Reggio Emilia

Þegar fjallað er um skólanámskrár í Reggio Emilia er gjarnan sagt að um sé að ræða lifandi/fljótandi námskrá (e. emergent curriculum). Með því er átt við að námskráin er ekki fyrir fram tilbúin heldur verður hún til í vinnu með börnunum. Hún hefst með athugun og skráningum á áhuga barnanna. Kennarinn skoðar í hverju börnin eru sterk og nýtir styrkleikana til kennslu. Settar eru fram tilgátur um hvað gæti gerst í ferlinu, hvert áhugi barnanna gæti beinst og kennarinn skoðar hvaða kveikjur hann geti komið með til að vekja áhuga þeirra. Lögð eru fram grunnmarkmið en ferlið er ekki fyrirfram mótað. Kennarar koma með tilgátur um hugsanlega leið að markmiðunum byggða á þekkingu þeirra á börnunum og fyrri reynslu. Markmið eru sveigjanleg og taka mið af þörfum og áhuga barnahópsins hverju sinni.

Hlutverk kennarans

Samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia er hlutverk kennarans margþætt. Kennarinn gegnir ýmist hlutverki leiðbeinanda, samstarfsaðila í verkefnum, áhorfanda eða þess sem veitir uppbyggilega gagnrýni (Edwards, 2011). Eitt af mikilvægustu verkefnum hans er þó að hlusta á börnin af einlægri athygli. Með því er átt við að sýna áhugamálum og hugmyndum barna áhuga og virðingu, ýta undir samræður með því að spyrja börnin spurninga og kafa dýpra ofan í þau viðfangsefni sem þau hafa áhuga á. Kennarinn og börnin eru samrannsakendur sem leita leiða til þess að skilja umheiminn betur og leysa vandamál sem upp koma í ferlinu. Kennarinn verður einnig að gera sér grein fyrir því að þó að taka eigi nám barna alvarlega, verður ákveðin leikgleði (e. playfulness) að vera til staðar í samskiptum hans við börnin (Edwards, 2011). Orðatiltækið „*Catching the ball that the children throw us, and then tossing it back to continue the game*“ (Edwards, 2011 bls. 151) er gjarnan notað í Reggio Emilia um það samspil sem á að eiga sér stað í samskiptum barna og kennara og lýsir því vel. Leikgleðin er þó ekki það eina sem kennarinn verður að hafa í huga í samskiptum við börnin. Malaguzzi lagði einnig áherslu á mikilvægi þess að kennarar veiti börnum öruggt umhverfi sem stuðlar að jákvæðum samskiptum sem einkennast af gagnkvæmri virðingu. Hann hvatti kennara til að haga umhverfi barnanna þannig að þar sé rými til að móta eigin skoðanir og kenningar, ígrunda þær og jafnvel skipta um skoðun eða gera mistök sem hægt er að læra af, án ótta við neikvæð viðbrögð. Kennarinn á því ekki að þröngva sínum skoðunum upp á börnin heldur fá þau til að tjá og móta sínar eigin skoðanir sem litið er á sem gildar og verðugar (Smidt, 2012). Til þess taldi hann mikilvægt að kennarar væru bæði ákveðnir og blíðir í samskiptum sínum við börnin og skynjuðu hverslags viðbrögð væru viðeigandi í hverjum aðstæðum fyrir sig.



Geta allir fengið góðar hugmyndir?



Barn A: „já allir“

Barn B: „Stundum kem ég bara með bestu hugmyndirnar finnst mér“

Barn A: „Stundum kem ég með bestu hugmyndirnar“

Barn B: „Já það finnst þér“

(Börn á Krummalandi tala saman, 2025)



Stjórnun og starfsfólk

Leikskólastjóri

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun leikskólastarfsins. Hann ber einnig ábyrgð á að skólinn sé rekinn innan fjárheimilda. Hann ber ábyrgð á að starfsmenn meti starf leikskólans reglulega og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta. Einnig að farið sé eftir Aðalnámskrá leikskóla og þeim lögum og reglugerðum sem snerta leikskólann.

Stjórnendateymi

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar sitja í stjórnendateymi skólans. Á tveggja vikna fresti eru haldnir stjórnendafundir. Þeir eru vettvangur til að fjalla um starf leikskólans og taka lýðræðislegar ákvarðanir um málefni er varða skólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru sex á ári og dreifast jafnt yfir veturinn. Þeir eru einu tækifærin sem starfsmannahópurinn hefur til að koma allur saman til að móta og meta starfið og miðla upplýsingum sín á milli. Dagskrá þessara daga er jafnan þétt skipuð og eru þeir einnig nýttir til margvíslegrar fræðslu um uppeldi og menntun barna.

Leikskólakennarar og starfsfólk

Í Rofaborg starfar fólk með mismunandi menntun og bakgrunn en samkvæmt lögum um leikskóla eiga leikskólakennarar að vera tveir þriðju hlutar starfsmannahópsins og vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins. Þeim er ætlað að fylgjast með nýjungum og í samvinnu við annað starfsfólk eiga þeir að styrkja faglegt hlutverk og ímynd leikskólans. Síðastliðinn áratug hefur reynst krefjandi að uppfylla þessa kröfu vegna skorts á leikskólakennurum. Í Rofaborg höfum við því lagt áherslu á að styðja starfsfólkið okkar í að sækja sér menntun. Það gerum við bæði með því að gera starfsfólki kleift að sækja hin ýmsu fagnámskeið en einnig með því að styðja fólk í að hefja nám í leikskólakennarafræðum eða öðrum uppeldisfræðigreinum í háskóla. Þess má geta að haustið 2025 hófu átta starfsmenn Rofaborgar nám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þetta er okkar leið til að auka fagþróun sem eflir það starf sem unnið er í Rofaborg.

Hvernig talar maður við vini sína?




„Við viljum bara tala um eitthvað gott og tala um að elska“
„Bara fallega, mjög fallega. Þá líður manni ótrúlega vel“
„Ég segi bara: viltu vera vinur minn. Það er fallegt“

(Börn á Spóalandi, 2025)

Einkunnarorð

Einkunnarorð Rofaborgar eru Leikur – Gleði – Vinátta og eru það þau gildi sem við stöndum fyrir. Nýlega lagðist starfsmannahópur Rofaborgar í það verkefni að rýna í og endurskoða þessi gildi. Eftir mikla vinnu var þó ákveðið að í þessi einkunnarorð skyldi haldið vegna þess hversu lýsandi þau væru fyrir þann anda og leikskólabrag sem við viljum skapa með börnunum. Rauði þráðurinn í öllu starfi Rofaborgar er því leikur, gleði og vinátta sem endurspeglast í þessari námskrá.



Leikur - Gleði - Vinátta

Önnur gildi sem starfsfólki þótti mikilvægt að leggja áherslu á í starfi með börnunum eru:
Samvinna - Seigla - Jákvæðni - Umhyggja - Traust - Hjálpsemi - Virðing - Hugrekki - Fagmennska



„Þetta er ég að leika í púðunum og svo að mála og lita á svona blað á veggnum“

-Hildur Karen, 6 ára



„Mér finnst skemmtilegast að fara í ferð í strætó og að róla í dekkjarólu.... og ég er með pulsu og sárið mitt“

-Birna Júlía, 5 ára

Menning og hefðir

Fjölmenning

Rofaborg er fjölmenningarlegt samfélag og endurspeglast það í áherslu leikskólans á því að virða og fagna fjölbreytileikanum, ólíkri menningu, þjóðerni og uppruna barna, foreldra og starfsfólks. Við teljum fjölbreytileikann vera mikilvæga auðlind sem okkur beri að nýta til góðs. Við leggjum mikla áherslu á virðingu í samskiptum og að sýna hvert öðru umburðarlyndi og góðvild. Verkefnastjóri fjölmenningar í Rofaborg fer sem fulltrúi leikskólans á miðlægt lærdómssamfélag Reykjavíkurborgar um fjölmenningu í leikskólastarfi og sér um að miðla hugmyndum, nýjungum og verkefnum til annars starfsfólks. Verkefnastjóri fjölmenningar heldur einnig utan um lærdómssamfélag í tengslum við fjölmenningu í Rofaborg.



Gamlar og nýjar hefðir

Við erum stolt af því að halda í gamlar íslenskar hefðir og er okkur umhugað um að börnin sem hér dvelja læri um og þekki íslenska menningu. Því til stuðnings höldum við m.a. upp á öskudag, sprengidag og bolludag. Við fræðumst um íslensku jólasveinana í desembermánuði og höldum þorrablót í byrjun árs þar sem við smökkum íslenskan þorramat og lærum um forna íslenska matarmenningu. Í bland við þessar gömlu hefðir höfum við skapað okkur nýjar og tengjast þær ýmist áhuga barnanna eða því námsefni sem unnið er með í leikskólanum. Sem dæmi um það má nefna Hrekkjavöku í lok október, afmæli fjárhundsins Lubba í nóvember, vísindavöku á vormánuðum og Rofaborgarhátíð í júní. Foreldrafélag Rofaborgar hefur einnig skapað sér ákveðnar hefðir og heldur m.a. sumarhátíð ár hvert í garði leikskólans og býður börnunum upp á leiksýningar/skemmtiatriði í leikskólanum.

Afhverju erum við ekki öll eins?



„Út af því að við fæðumst öll með öðruvísi lit“

„Því við fæðumst bara eins og við viljum“

„Ég vildi fæðast brúnn, þá væri ég eins og Pretty boy choco“

„Vinkonur þurfa ekki að hafa eins hár“

„Því að sumir eiga heima í öðrum löndum og löndin hafa öðruvísi tungumál“

(Börn á Krummalandi og Spóalandi, 2025)

Grunnþættir menntunar

„Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiks og skal skipulag leikskólstarfs taka mið af því. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman, þeir eiga að byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast daglegum athöfnum í leikskóla. Þrátt fyrir að einstök námssvið samtvinnist hefur hvert svið sín sérkenni og styrkist með leik“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Í Rofaborg eru farnar fjölbreyttar leiðir til þess að samtvinna þessa grunnþætti menntunar inn í leik og starf og er það umfjöllunarefni kaflanna hér á eftir. Grunnþættir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Einnig ber að leggja áherslu á jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Hægt er að lesa meira um grunnþætti menntunar í Aðalnámskrá leikskóla [HÉR](#)



„Mér finnst gaman í fótbolta. Þetta er mark og bolti. Hann var að hlaupa mjög hratt og fékk ekki boltann. Ég hljóp mjög hratt og fékk boltann. Boltinn fór í mark og ég fékk stig, tvö stig. Ég er með fjögur blá tattoo og hann er með eitt fjólublátt. Ég er í fyrsta sæti í keppninni og hann í númer tvö. Boltinn fór óvart í hausinn á þessum en hann var í þrjú sæti.“

-Franciszek, 5 ára

Læsi og samskipti

Máltaka og málörvun

Tungumálafærni er ein af undirstöðum þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í samfélaginu. Í Rofaborg erum við meðvituð um að máltaka barna þróast í nokkrum þrepum og einstaklingsmunur er á því hversu fljót börn eru að öðlast skilning og færni til þess að tjá sig. Það er okkar hlutverk að vera málfyrirmyndir, leggja orð á allar athafnir og auka orðaforða og skilning með ýmsum leiðum. Í Rofaborg notum við námsefnið Lubbi finnur málbein sem hjálpartæki til þess að æfa máhljóð. Lubbi leggur áherslu á hljóðanám í þrívídd þar sem notkun táknrænna hreyfinga er blandað saman við hljóðamyndun, söngva og sögur til þess að gera máhljóðin sýnileg og áþreifanleg. Námsefninu er ætlað að auka þá hljóðavitund sem liggur til grundvallar umskráningar, sem er ein helsta forsenda lestrarfærni. Lesa má meira um Lubba [HÉR](#). Annað efni/aðferðir sem leikskólinn nýtir til þess að örva mál barnanna eru meðal annars:

- Leikur, bæði úti og inni þar sem börnin fá aðstoð frá kennurum til þess að efla samskipti sín við aðra.
- Sýna og segja frá (æfingar í framsögn).
- Lærum og leikum með hljóðin.
- Orðagull.
- Ýmislegt efni frá talmeinafræðingum.
- Spil og verkefni (m.a. frá Super Duper publications).
- Rím- og orðaleikir.
- Leikur að læra.
- Tákn með tali.
- Börnin eru hvött til þess að „lesa“ sjálf og segja sögur.

Lestur og læsi

Í Rofaborg er lögð áhersla á lestur, bæði einstaklingslega og í hópum. Bækur eru valdar út frá þroska og áhugasviði barnanna. Í sögulestri eru börnin spurð út í söguþráð, þau hvött til þess að segja sögur sjálf og þau virkjuð í lestrinum. Bækur eru alltaf aðgengilegar börnunum inni á öllum deildum og þeim skipt út reglulega til þess að þær hæfi barnahópnum. Við hvetjum einnig foreldra til þess að koma með áhugaverðar og skemmtilegar bækur að heiman sem börnin geta kynnt fyrir vinum sínum og kennurum. Ritmál og bókstafir eru sýnilegir inni á öllum deildum og er markmið okkar með því að kveikja áhuga barnanna á rituðu máli. Börnin fá einnig að hlusta á sögur í hvíld, farið er með þulur og sungin lög sem efla orðaforða og skilning.

Samskipti og vinátta

Vináttuverkefnið Blær (Fri fra mobberi) er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti og er m.a. ætlað leikskólabörnum. Markmið þess er að skapa menningu þar sem öll börn tilheyra hópnum óháð útliti, skoðunum og styrkleikum þeirra. Sem og að efla félagsanda sem byggir á virðingu, fjölbreytileika, hugrekki og umhyggju. Hægt er að lesa meira um vináttuverkefnið Blæ [HÉR](#)

Öll börn fá afhentan fjólubláa bangsann Blæ þegar þau byrja í Rofaborg og unnið er með námsefni honum tengt á öllum deildum. Námsefninu fylgja söngvar, leikir og bækur sem nýtast vel til að efla vináttu og samskipti barna.

Læsi og samskipti

Það sem foreldrar höfðu að segja um læsi og samskipti:

- Mikilvægt er að nýta leikinn til málörvunar.
- Æfa samskipti í gegnum leik.
- Gott er að nýta hlutverkaleikir og leikföng líkt og brúður, playmo, lego o.fl.
- Lestur skiptir gríðarlega miklu máli.
- Lestur í litlum hópum er góð leið til þess að kenna börnum orðaforða, gott er að spyrja þau út í söguþráðinn.
- Gott er að hvetja foreldra til þess að lesa heima með lestrarátaki.
- Vinna með Lubba-námsefnið hjálpar börnunum að læra bókstafina og máhljóðin.
- Mikilvægt er að kenna þeim að skrifa bókstafina.
- Vinna verkefni í litlum hópum sem tengjast formum, afstöðuhugtökum, rími og þulum.
- Æfa framsögn með margvíslegum leiðum.

Það sem börnin höfðu að segja um læsi og samskipti:

- Við viljum tala fallega við aðra, það má ekki meiða eða slá.
- Maður á að tala bara svona með falleg orð og hjarta
- Allir eiga að vera vinir
- Það er gaman að spurja einhvern hvort hann vilji koma að dansa, það er líka fallegt.
- Maður getur sagt: Viltu vera vinur minn
- Við lesum bækur til þess að læra að lesa og verða sterk. Líka til þess að geta skrifað póst.
- Við lesum bækur til að læra meira og til þess að hafa gaman.
- Að lesa hjálpar okkur að sofa.
- Bókstafir eru til þess að maður geti skrifað eitthvað. Það er til A, F, S og líka Ý, K og E
- Bókstafir eru svona stafir í bók sem maður er að lesa. Eins og stendur á blaðinu.



Málörvun - Ráð til foreldra



"Þetta er fuglinn minn, hann er appelsínugulur"
-Haukur Sigurður, 5 ára

Heilbrigði og vellíðan

Dagleg rúttína

Börn þurfa reglu, ramma og rúttínu til þess að finna fyrir öryggi og vellíðan. Í Rofaborg er lögð áhersla á að hafa dagskipulagið fyrirsjáanlegt og myndrænt. Það þýðir þó ekki að hver dagur sé eins heldur að við leggjum áherslu á að undirbúa börnin undir allar breytingar og uppbot sem verða á dagskipulaginu. Óvissa getur reynst börnunum erfið og valdið óöryggi og jafnvel kvíða í sumum tilfellum.

Hreyfing

Dagleg hreyfing, bæði úti og inni skiptir miklu máli fyrir vellíðan barna. Deildirnar hafa aðgang að lðu (sal skólans) þar sem unnið er með margvíslega hreyfifærni í gegnum leik og gróf- og fínhreyfingar styrktar. Farið er út að minnsta kosti einu sinni á dag, en langflesta daga fara börnin út oftar. Garðurinn er stór og býður því upp á fjölbreytt tækifæri til sjálfsprotts leiks. Börn hafa mismikla þörf fyrir útrás og losun orku og eru kennarar og starfsmenn því meðvitaðir um að koma þurfi til móts við þarfir hvers og eins.

Heilbriggt mataræði

Í Rofaborg erum við einstaklega heppin að hafa matráð sem er mjög umhugað um að bjóða börnunum upp á næringarríka og fjölbreytta fæðu. Farið er eftir manneldismarkmiðum sem landlæknir gefur út í einu og öllu. Á morgnanna er alltaf boðið upp á þorskalýsi sem er ríkt af ómega-3 fitusýrum ásamt vítamínum sem eru mikilvæg fyrir þroska heila og taugakerfisins. Í hádeginu borða allar deildir nema Svanaland (ungbarnadeild) í matsal leikskólans. Þar er lögð áhersla á að hafa umhverfið rólegt. Börnin hafa frjálst val um sæti og þeim kenndar heilbrigðar matarvenjur. Þau eru hvött til að borða fjölbreytta fæðu og smakka á öllu. Þau skammta sér sjálf hæfilegt magn á diskinn, æfa sig að nota hnífapör og finna sjálf hvenær þau eru orðin södd.



Heilbrigði og vellíðan

Svefn og hvíldarvenjur

Í Rofaborg er starfsfólk meðvitað um að góður nætursvefn og dagleg hvíld skiptir máli fyrir þroska barna. Það fer auðvitað eftir aldri barnanna um hverslags hvíld er að ræða en þau hafa ávallt rétt á henni. Í hvíld með yngri börnum er lögð áhersla á rólegt, nærandi umhverfi þar sem börnin geta sofð vært og er svefntími ákvarðaður í samvinnu við foreldra/forráðamenn. Starfsfólk leikskólans er ávallt reiðubúið að ráðleggja foreldrum um svefnvenjur og svefntíma eftir bestu getu. Samkvæmt landlækni er æskilegur svefntími eins til tveggja ára barna 11-14 klukkustundir á sólarhring og þriggja til fimm ára barna 10-13 klukkustundir á sólarhring. Ef þau fá ekki nægan svefn á næturnar er því nauðsynlegt að bæta þeim það upp, t.d. eftir hádegismat. Í hvíld með eldri börnum er einnig lögð áhersla á að umhverfi barnanna sé rólegt, notalegt og nærandi. Hvíldin breytist frá ári til árs og tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Börnunum er iðulega skipt upp eftir þörfum og er því mismunandi hvort að hvíldin samanstandi af rólegri verkefnavinnu, sögulestri, slökunar- og jógaæfingum eða öðru sem hentar börnunum.

Heilsa og vellíðan

Börn eru útsettari en fullorðnir fyrir alls kyns veirum og umgangspæstum í umhverfi sínu og er því ekki óeðlilegt að þau verði stundum veik. Til þess að reyna að koma sem mest í veg fyrir veikindi höfum við í Rofaborg markað okkur stefnu varðandi veikindi barna og starfsfólks. Við förum eftir tilmælum Heilsuverndar um smitsjúkdóma barna og metum getu barnsins til viðveru í leikskólanum út frá þeim ráðleggingum. Upplýsingarnar er að finna á plöggum víðs vegar um leikskólann. Ef barn er veikt á það að vera heima þar til það er orðið full frískt. Það er ekki aðeins mikilvægur þáttur í að koma í veg fyrir að aðrir smitist heldur einnig réttur barnsins að fá að jafna sig í ró og næði.



Leiðbeiningar um veikindi



Heilbrigði og vellíðan

Það sem foreldrar höfðu að segja um heilbrigði og vellíðan:

- Mikilvægt er að fylgjast með samskiptum milli barna.
- Hvetja þarf börn til að borða hollan mat og smakka nýjan mat.
- Hreyfing er mikilvæg.
- Útvera skiptir miklu máli.
- Samvinnuleikir og leikir úti stuðla að heilbrigði.
- Bjóða börnunum upp á jóga, slökun og öndunaræfingar.
- Vinna þarf með jafnvægi og styrk barna.
- Skipta út gömlum leikföngum fyrir ný úr náttúrulegum efni.
- Auka aðkomu foreldra að leikskóla-starfinu.

Það sem börnin höfðu að segja um heilbrigði og vellíðan:

- Mér líður vel í leikskólanum þegar að ég borða, líka þegar að ég er úti.
- Það er gott að vera í leikskólanum þegar það kemur nýtt dót, ég var mjög glöð þegar að nýja rennibrautin kom.
- Kennararnir hjálpa okkur þegar að einhver er að meiða.
- Það má ekki vaka svo mikið lengi því að þá fær maður bara illt í augun.
- Við þurfum að sofa því að líkaminn okkar er þreyttur og hann vill vera kátur og hress á morgun. Þá getur hann verið í stuði og dansað.
- Það má ekki bara borða pez og nammi. Það má ekki bara borða kökur heldur. Fyrst þarf að borða morgunmat, svo má maður kannski fá eitthvað annað.
- Við borðum mat til að við verðum sterk og stór, við getum þá kannski lyft kennurunum eða húsi eða hundrað húsum. Bingó bangó!




„Þetta eru holó, púðar, róla, skæri, legó, risaeðlur og svo plúskubbar og líka strætó og göngutúr og litir. Það er allt gaman“

-Hörður Flóki, 6 ára



Hvað eru vísindi?



„Það eru svona töfrar, vísindamaðurinn sagði að vísindi væru eins og töfrar“

„Ég veit hvað alvöru vísindi er, það er svona stærðfræði þar sem verið er að búa til eitthvað sem er sérstakt“

„Það er þegar að maður er að skoða eitthvað svona með kennurunum sínum og kannski gera nýtt við eitthvað“

(Börn á Krummalandi og Spóalandi, 2025)

Sjálfbærni og vísindi

Umhverfismennt

Í umhverfismennt í starfi Rofaborgar er markmiðið að börnunum sé kennt að tileinka sér virðingu og nærgætni fyrir náttúrunni. Það er gert með því að kenna börnunum að við göngum vel um umhverfið okkar og sýnum öllum fyrirbærum í náttúrunni umhyggju. Skoðaðar eru ýmsar birtingarmyndir náttúrunnar, fylgst er með hringrás hennar ásamt því að auðlindir hennar eru nýttar í leik og skapandi starfi. Við erum einstaklega heppin að vera staðsett í Elliðaárdalnum, sem er ein helsta náttúruauðlind Reykjavíkurborgar og höfum því greiðan aðgang að því fjölbreytta náttúrulífi sem dalurinn hefur upp á að bjóða.

Vísindi

Vísindi veita börnum tækifæri til að rannsaka og skilja náttúruna. Með því að tengja sjálfbærni við vísindalega þekkingu er hægt að stuðla að dýrmætum lærdómi. Í Rofaborg erum við með þemavikur á vorönn sem eru sérstaklega tileinkaðar vísindum og rannsóknum barna. Verkefni eru fjölbreytt og tengjast umhverfinu á margvíslegan hátt eins og t.d. að fylgjast með veðri, rannsaka lífríkið og gera tilraunir sem sýna hvernig náttúran virkar. Þau kynnast eiginleikum ljóss og skugga, mismunandi formum, litum og stærðfræðilegum viðfangsefnum eins og tölum, táknum og mynstrum.

Með því að sameina sjálfbærni og vísindi í leikskólastarfi og leik myndum við öfluga leið til að kenna börnum á umhverfi þeirra sem eykur ekki aðeins þekkingu, heldur einnig siðferðiskennd og ábyrgðartilfinningu. Börn öðlast dýpri skilning á því hvernig heimurinn virkar og hvernig þau geta lagt sitt af mörkum til að vernda hann. Með því að rækta þennan áhuga frá unga aldri leggjum við grunn að ábyrgum og hugulsömum samfélagsþegnum í framtíðinni.



Sjálfbærni og vísindi

Vettvangsferðir

Í Rofaborg fer *Skólahópur* (elsti árgangur leikskólans) í vettvangsferðir, ýmist gangandi, með strætó eða með rútu. Oftast taka þau nesti með til að snæða í hádeginu. Miðað er við að farnar séu ein til tvær ferðir í mánuði með hvern hóp, allan veturinn. Vettvangsferðirnar eru fjölbreyttar og hafa það markmið að kynna fyrir börnunum nær- og fjærumhverfi þeirra og menningu í borginni. Mismunandi er frá ári til árs hvaða staðir eru heimsóttir en dæmi um það eru Sjóminjasafnið í Reykjavík, Árbæjarsafn, leikhús borgarinnar, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og margt fleira. Leitast er eftir því að fá fram hugmyndir barnanna sjálfra um hvað þeim finnst áhugavert að skoða og upplifa. Vettvangsferðirnar eru tækifæri fyrir börnin til þess að upplifa nýjungar, undrast og velta fyrir sér ýmsum viðfangsefnum, bæði ein síns liðs og með kennurum og vinum. Má því segja að í þeim sameinist fræðsla, uppgötvanir, hreyfing, útivera og samvera sem leiðir til nýrrar þekkingar og sköpunar, styrkingu félagslegra tengsla og aukins skilnings á menningu og samfélaginu í heild sinni. Yngri börnin fara einnig í styttri ferðir í nærumhverfi leikskólans þar sem lögð er áhersla á umhverfismennt og leik. Einnig fara þau á Borgarbókasafnið í Árbæ nokkrum sinnum yfir veturinn þar sem lesnar eru skemmtilegar sögur og þau fá að veltast um í undraheimi barnabókmennta.




Sjálfbærni og vísindi

Það sem foreldrar höfðu að segja um sjálfbærni og vísindi:

- Gott er að fara út fyrir leikskólagarðinn til þess að læra um umhverfið.
- Nýta þarf fjölbreyttan efnivið til vísinda-legra rannsókna.
- Gott er að nýta opinn og verðlausan efnivið til sköpunar.
- Náttúrubingó er góð leið til að auka umhverfisvitund.
- Hjálpa þarf börnunum að taka eftir breytingum í umhverfinu eins og t.d. árstíðarskiptum.
- Gott er að vinna með form og stærðfræðihugtök, bæði heima og í leikskólanum.
- Gera einfaldar efnafræðilegar tilraunir, t.d. um kulda og hita.
- Nauðsynlegt er að fræða börnin um mikilvægi náttúrunnar fyrir okkur öll, bæði í leikskólanum og heima.
- Gaman er að fara í könnunarleiðangur í náttúrunni.

Það sem börnin höfðu að segja um sjálfbærni og vísindi:

- Vísindi er svona sem maður er að nota til þess að búa til tilraunir og líka til þess að læra að skrifa.
- Tilraunir, það getur líka verið um geimverur.
- Vísindi er til þess að skoða.
- Vísindamaður býar til svona vísindi fyrir okkur og gerir tilraun. Ég þekki Villa vísindamann, hann er enn þá til.
- Þegar maður rannsakar er maður að finna út hvernig eitthvað virkar, þá skoðar maður allt.
- Til þess að hugsa vel um náttúruna þurfum við að gefa blómunum að drekka og passa að enginn sé að skemma trén.
- Við verðum að passa að enginn brjóti trén.
- Það þarf stundum að hjálpa trjánum til þess að þau geti lifað.
- Maður á að vera góður við allt sem er úti, alveg eins og vini sína.



„Þetta eru holókubbarnir og púðarnir, það er mjög gaman“

Hákon Orri, 6 ára

Börn á Spóalandi að hjálpast að við
að búa til á sem rennur um skóginn



„Creativity does not fall from the sky“
(Þýð. “Skapandi hugsun fellur ekki af himnum ofan”)

(Vecchi, 2010)

Sköpun

Sköpun í víðu samhengi

Hugtakið sköpun á sér víðtæka merkingu og nær til allra þátta lífsins. Margir tengja sköpun fyrst og fremst við listir eins og málun, teiknun, handmennt, hönnun og fleira þvíumlíkt. Sköpun er þó svo miklu meira og snertir alla þætti tilveru okkar á margvíslegan hátt. Skapandi hugsun er ekki meðfædd heldur er það eiginleiki sem börn og fullorðnir þurfa að rækta. Börn á leikskólaaldri þurfa því tíma, rými og tækifæri til þess að örva skapandi hugsun sína og ímyndunarafl. Leikurinn er aðal námsleið barnanna og í gegnum hann efla þau skapandi hugsunarhátt sinn og ímyndunarafl. Frjó og skapandi hugsun er ein af undirstöðum þess að geta skapað eitthvað nýtt, fundið lausnir og að geta stigið út fyrir rammann. Skapandi starf í leikskólum er því nauðsynlegur þáttur í menntun barna og stuðlar að þroska þeirra á ýmsum sviðum.

Skapandi nám

Eitt af meginmarkmiðum Rofaborgar er að skapa umgjörð þar sem sköpun, forvitni, undrun og gleði fær að blómstra. Hér eru notaðar fjölbreyttar og sveigjanlegar námsaðferðir þar sem leikur barna er í fyrirrúmi. Þegar börn fá tækifæri til að skapa saman eru þau að læra að leysa vandamál, vinna saman í hópum og einnig að læra að þekkja tilfinningar sínar og annarra. Skapandi starf eykur því ekki aðeins sköpunargáfu barna heldur einnig tilfinningaræmi og trú á eigin getu. Með því að vinna saman að sameiginlegum verkefnum læra börn að ræða hugmyndir sínar, deila verkum sínum og virða hug-

myndir og sjónarmið annarra. Þegar börn sinna skapandi verkefnum og sjá árangur, hvort sem það er á sviði lausnaleitar, myndunar vinatengsla, myndlistar, tónlistar, leikrænnar tjáningar, tækninotkunar eða annars þess lags, styrkja þau skilning sinn á eigin hæfileikum. Þetta skapar jákvæða sjálfsmynd og hvetur þau til að leggja sig fram í frekara námi og sköpun.

Hlutverk kennara

Í Rofaborg teljum við mikilvægt að kennarar séu ekki einungis leiðbeinendur heldur einnig hvatamenn í skapandi starfi. Þeir þurfa að koma með kveikjur að verkefnum en jafnframt veita börnunum frelsi til að kanna og finna sig í sköpunarferlinu. Auk þess leggja þeir til nauðsynleg verkfæri og efnivið í verkefnasmíð barnanna. Þetta kallar á að kennarar séu opnir fyrir nýjum hugmyndum og tilbúnir að styðja börnin í þeim fjölbreyttu verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur. Við viljum auka tækifæri barnanna til þess að skapa og tjá upplifanir sínar, rannsaka og þróa eigin hugmyndir og vinna verk sem byggja á frumkvæði þeirra. Það styður við sjálfstæði þeirra í leik og starfi. Skapandi starf í Rofaborg snýst því ekki um að búa til eða framleiða hluti og myndir eins og starfsfólk sem vinnur á færibandi í verksmiðjum, heldur er markmiðið að byggja upp jákvæða reynslu sem leggur grunninn að góðum lífsgæðum, sjálfstrausti og félagslegum hæfileikum barna. Við leggjum áherslu á sköpunarferlið en ekki lokaafurðina.

Sköpun

Það sem foreldrar höfðu að segja um tækifæri til sköpunnar:

- Mikilvægt er að gefa börnunum frelsi til þess að tjá sig í gegnum sköpun.
- Gott er að nýta opinn efnivið.
- Vinna verkefni sem tengjast áhugasviði barnanna.
- Gefa börnunum lengri tíma í verkefni, s.s. föndurverkefni og önnur flóknari verkefni sem krefjast meiri tíma.
- Semja og setja upp leikrit, útbúa búninga og sviðsmynd.
- Leyfa þarf leiknum að blómstra.



„Mér finnst gaman í tengikubbum og að hrista,,
-Kamilla, 5 ára

„Þetta er ég að leika með stafina úti, það er blautt. Kóngulóin er á mér. Ég er að leika með kassa og skóflu í sandinum,,

-Ylfa Gyða, 4 ára

Það sem börnin höfðu að segja um tækifæri til sköpunnar:

- Ímyndunarafl er þegar að maður lokar augunum og hugsar eitthvað í höfðinu sínu, eitthvað skemmtilegt.
- Ég get verið blettatígur og þú tígrisdýr og við erum að berjast. Þannig notar maður ímyndunaraflið, maður verður eitthvað annað.
- Ímyndunarafl er svona sem maður hugsar og svo gerir.
- Við elskum að búa til eitthvað í púðum og holó [Hollow block]
- Stundum teiknum við myndir, stundum málum við og stundum erum við bara að gera eitthvað allt annað nýtt.
- Einu sinni fönðraði ég síma. Það var mjög gaman.
- Okkur langar að búa til geimskip sem flýgur út úr leikskólanum alla leiðina til Afríku..... og búninga.



Leikurinn

Um leikinn

Leikur gegnir veigamiklu hlutverki í lífi barna og er flóknari en eflaust margir gera sér grein fyrir. Leikurinn er meginnámsleið barna og nýta þau hann til að þróa hugmyndir sínar og dýpka skilning sinn á umheiminum. Leikurinn á því ekki að vera viðbót við dagskipulag leikskóla, heldur megináherslan. Í Aðalnámskrá leikskóla (2023) er áhersla lögð á sjálfsprottinn leik barna. Með því er átt við að kennarar eigi að veita börnum tíma og rými fyrir leiki sem þau hafa sjálf frumkvæði að og stjórna. Þau þurfa að fá tækifæri til að taka að sér hlutverk sem höfða til þeirra, skapa ímyndaðar aðstæður, nota efnivið á fjölbreyttan hátt og setja reglurnar sjálf. Rannsóknir hafa sýnt að þegar kennarar eða aðrir fullorðnir stýra leik barna of mikið líti börnin síður á athöfnina sem leik (Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2019). Til þess að athöfn geti verið leikur í augum barna þurfa þau ákveðið frelsi til að velja; þá er líkleggra að úr verði leikur sem byggir á áhuga þeirra og innri hvatningu, feli í sér spennu, sé merkingarbær og að börnin séu virkir þátttakendur. Mikilvægt er að þau fái tíma til þess að setja upp leikinn, ákveða þemu og hlutverk, spinna sögupráð og komast í eins konar flæðisástand. Þar með sagt er ekki meiningin að hinir fullorðnu eigi að láta börnin leika sér alfarið afskiptalaus. Mikilvægt er að kennarar og aðrir uppaldendur styðji við leikinn með því að koma með kveikjur, tryggja að fjölbreyttur efniviður sé til staðar og aðstoða þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik eða hefja leik af sjálfsdáðum. Einnig er mikilvægt að kennarar fylgist vel með leiknum og geri skráningar. Hægt er að lesa meira um leik barna [HÉR](#)

Mismunandi leikgerðir

Þegar fjallað er um leik er honum iðulega skipt upp í fjóra mismunandi leikflokka þ.e. sköpunar- og byggingarleik, ærslaleik, regluleik og hlutverka- og þykjustuleik. Starfsfólk Rofaborgar gerir sér grein fyrir að allar þessar leikgerðir eru mikilvægar fyrir alhliða þroska barna og leggur sig fram við að skapa nægan tíma og rými fyrir leikinn, sem og að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið sem styður við hann.

Sköpunar- og byggingarleikur

Sköpunar- og byggingarleikur reynir á fínhreyfigetu og samhæfingu augna og handa. Þetta leikform er talið leggja grunn að og ýta undir skilning á stærðfræðilegum hugtökum og vísindum. Sköpunar- og byggingarleikur stuðlar einnig að sjálfsnámi þar sem börnin prufa sig áfram, gera tilraunir með mismunandi efnivið og leita lausna. Til dæmis felst mikið nám í því að finna leið til þess að byggja háan turn án þess að hann falli. Oft þarf að finna mismunandi leiðir, finna gott undirlag, skoða mismunandi samsetningu kubba og finna jafnvægi. Leikur með einingakubba Caroline Pratt er gott dæmi um sköpunar- og byggingarleik en þá, ásamt mörgum fleiri tegundum kubba, má finna á öllum deildum Rofaborgar.



Leikurinn

Hlutverka- og þykjustuleikur


Hlutverka- og þykjustuleikur hefur af mörgum verið talinn flóknasta leikformið. Það krefst þess að börn geti tekið að sér ólík hlutverk, skapað sér sína eigin ímynduðu sviðsmynd og leikþemu, samið reglur leiksins og fylgt þeim eftir. Ímyndunarheimur barna í leik er flókin að því leytinu til að hann byggir oft á því sem þau hafa séð og lært í raunveruleikanum en einnig því sem þau ímynda sér og ákveða sjálf. Hlutverkaleikurinn reynir einnig á getu barna til þess að tjá sig, setja sig í spor annarra, mynda vinasambönd, skiptast á og tengjast öðrum. Hlutverkaleikur skipar stóran sess í dagskipulagi Rofaborgar og smitast í raun inn í öll önnur leikform.

Ærslaleikur

Ærslaleikur einkennist af mikilli hreyfingu og jafnvel hamagangi þar sem börn tjá sig með líkamanum, hlaupa, hoppa og veltast um. Mikil gleði, innlifun og hávaði fylgir oft þessu leikformi. Í ærslaleik læra börn félagsfærni, að hafa stjórn á eigin tilfinningum, virða mörk annarra, setja mörk og lesa í aðstæður. Mörgum fullorðnum þykir ærslaleikur ef til vill ekki vera æskilegt leikform. Starfsfólk Rofaborgar er þó meðvitað um að hann sé mikilvægur fyrir alhliða þroska barna og leggur sig jafnframt fram við að skapa tækifæri þar sem þau geta notið hans, t.d. utandyra. Það er einnig hluti af námi barns í leikskóla að læra að ákveðnir leikir eiga heima á ákveðnum svæðum, t.d. er ekki æskilegt að vera í ærslaleik í litlu rými þar sem margir eru saman komnir en hins vegar er í lagi að hlaupa um og losa um orku í stórum opnum rýmum eða úti á leikvelli.

Regluleikur

Regluleikir eru leikir með fyrirfram ákveðnum reglum sem börnin verða að fylgja til þess að leikurinn gangi upp og má þar meðal annars nefna stórfiskaleik, fótbolta og ýmis borðspil. Í Rofaborg hvetjum við börnin til þess að skapa sér sína eigin leiki og leikmyndir en við gerum okkur einnig grein fyrir því að það er ekki síður mikilvægt að þau læri að fylgja fyrirfram ákveðnum leikreglum. Það er liður í því að skilja að í sumum tilfellum verður maður að fara eftir tilsettum reglum til þess að leikurinn gangi upp, jafnvel þó að þær séu manni ekki alltaf í hag. Þennan lærdóm taka þau síðan með sér út í lífið.





„Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2023)



Upplýsingar um
leik barna





Samstarf og samskipti

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Nám er því samstarfsverkefni margra ólíkra eininga sem hafa það að meginmarkmiði að styðja börn til þátttöku í samfélaginu. Í Rofaborg leggjum við áherslu á að vera í góðu samstarfi við foreldra, stofnanir og þjónustuaðila í kringum okkur og höfum fagmennsku og virðingu að leiðarljósi. Grundvöllur farsæls samstarfs eru góð og árangursrík samskipti. Í köflunum hér á eftir verður fjallað nánar um samskipti og samstarf.

Áherslur í stjórnun

Í Rofaborg er lögð áhersla á lýðræðislega forystu þar sem öll sem að leikskólastarfinu koma eru hvött til þess að vera virkir þátttakendur í skipulagningu þess. Leitast er eftir sjónarmiðum starfsfólks, barna og foreldra. Opin samskipti, fagmennska og lýðræðisleg ákvarðanatataka eru því leiðarljós í stjórnun skólans. Reglulega eru haldnir stjórnendateymisfundir innan leikskólans en einnig leitast stjórnendur við að halda reglulega fundi með foreldraráði leikskólans.



Samskipti

Nýverið lagðist starfsfólk Rofaborgar í þá vinnu að útbúa samskiptasáttmála. Sáttmálinn er ígildi reglugerðar um það hvernig samskiptum er háttað innan leikskólans. Er honum ætlað að minna alla sem að leikskólastarfinu koma á mikilvægi þess að leitast í hvívetna eftir því að tryggja árangursrík samskipti. Liður í að tryggja árangursrík samskipti er m.a. að byggja upp traust, sýna öðrum virðingu, skilning og umhyggju. Samskiptin eiga að einkennast af fagmennsku og heiðarleika. Hægt er að lesa samskiptasáttmálann í heild sinni með því að skanna inn kóðann hér til hliðar.

*Samskiptasáttmáli
Rofaborgar*

Samstarf og samskipti við foreldra

Gott og farsælt samstarf við foreldra/forráðamenn er okkur mikilvægt. Deildarstjórar og annað starfsfólk leikskólans er í reglulegum samskiptum við foreldra allt árið um kring. Samskiptin eru ýmist í formi samtala þegar foreldrar koma með börnin á morgnanna og sækja þau í lok dags, í gegnum síma, tölvupóstsamskipti og svo í foreldraviðtölum, sem að jafnaði eru einu sinni á önn. Send eru mánaðarleg fréttabréf með allskonar upplýsingum sem tengjast daglegu starfi sem og fræðsluerindum. Allir foreldrar hafa aðgang að Völu (foreldravef) þar sem bæði er að finna upplýsingar og hægt að eiga í samskiptum við starfsfólk leikskólans. Foreldrar/forráðamenn geta einnig óskað eftir viðtali við deildarstjóra, sérkennslustjóra eða aðra stjórnendur hvenær sem er árs, ef þeir vilja ítarlegri upplýsingar um námsstöðu barnsins eða ef upp koma mál sem þeir vilja ræða nánar.

Nývistunarsamtöl

Í upphafi leikskólagöngunnar eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í nývistunarsamtal þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna stjórnendum og starfsemi leikskólans. Samtalið er hugsað sem vettvangur fyrir stjórnendum og foreldra til að eiga gagnlegar samræður um upphaf leikskólagöngunnar, praktísk atriði sem snúa að daglegu lífi barnsins í leikskólanum, samstarfi milli skóla og heimilis og væntingar foreldra til námsins.

Foreldramorgnar

Síðastliðna tvo vetur höfum við prufukeyrt nýtt verkefni sem snýr að því að auka enn samskipti og samstarf milli foreldra, barna og starfsfólks. Foreldrum er þá boðið að koma og eyða tíma með barninu sínu í leikskólanum einn morgun í viku og kynna leikskólastarfinu betur. Hugsunin með því að hafa þetta í hverri viku er til að koma til móts við mismunandi þarfir og vinnutíma foreldra. Ekki er því gert ráð fyrir að allir foreldrar mæti í hverri viku, þó það sé vissulega í boði. Foreldrar geta snætt morgunverð með börnunum, leikið með þeim og spjallað við starfsfólkið. Almenn ánægja hefur verið með þessa foreldramorgna og munum við halda áfram að þróa þá.

Opið hús

Í Rofaborg bjóða börnin foreldrum og fjölskyldumeðlimum á opin hús nokkrum sinnum yfir skólaárið. Mismunandi er frá ári til árs hvernig viðburðunum er háttað en venja hefur skapast fyrir því að bjóða aðstandendum í heimsókn í desember, þar sem boðið er upp á jólasnákökur. Á vormánuðum er svo kynning/sýning á verkefnum vetrarins. Þess á milli skipuleggja deildirnar stundum viðburði fyrir sína foreldrahópa í tengslum við ákveðin verkefni sem börnin vinna eða annað þess háttar.



Samstarf við utanaðkomandi aðila

Rofaborg er í samstarfi við hinar ýmsu stofnanir og fyrirtæki í nær- og fjærumhverfi skólans. Sem dæmi um það má nefna samstarf við Ípróttafélagið Fylki, Borgarbókasafnið í Árbæ og Austurmiðstöð. Einnig erum við í samstarfi við hina ýmsu menningarstaði eins og Borgarsögusafn, leikhús og listasöfn í Reykjavík.

Samstarf við grunnskóla og frístund

Rofaborg á sér langa sögu um farsælt samstarf við Árbæjarskóla, sem er hverfisskólinn sem flest barnanna sækja að loknu námi í Rofaborg. Markmiðið með samstarfinu er að brúa bilið milli skólastiga og stuðla að betri samfellu í námi barnanna. Mismunandi er frá ári til árs hvernig samstarfinu er háttað en iðulega er elstu börnunum boðið á smiðjudag, þar sem þau fá að kynnst ýmsum námsgreinum s.s. dansi, handmennt og ípróttum. Einnig eru eldri bekkir grunnskólans duglegir að bjóða leikskólabörnunum á sýningar, t.d. leikrit og vísindavöku. Börnin fara einnig í vorheimsókn í skólann með foreldrum sínum.


Rofaborg er einnig í mjög góðu samstarfi við frístundamiðstöðina Töfrasel. Börnin fara reglulega yfir skólaárið í heimsókn þangað og fá að kynnst því starfi sem þar er unnið. Heimsóknir í Töfrasel eru einnig liður í að undirbúa börnin betur undir grunnskólagönguna og ýta undir öryggi þeirra í grunnskólaumhverfinu.


Skil milli skólastiga

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla ber leikskólanum skylda til að ganga úr skugga um að allar nauðsynlegar upplýsingar um barnið fylgi því í aðra leik- og grunnskóla. Leikskólastjóri ábyrgist að persónuupplýsingar um barnið séu fluttar með tryggum og öruggum hætti til viðtökuskóla. Í leikskólum í Reykjavíkurborg er notast við þar til gerð eyðublað, annars vegar sem kennarar fylla út og hins vegar sem barn og foreldrar/forráðamenn fylla út. Við biðjum foreldra ávallt um að líta yfir svör kennara og koma með athugasemdir ef þeim finnst eitthvað vanta eða þarfnast nánari útskýringa. Tilgangurinn með þessu verklagi er auðvelda barninu flutninginn og að nýjir kennarar séu meðvitaðir um þarfir hvers barns.

Eyðublað um skil milli skóla







Stuðningur í leikskólastarfi

Í Rofaborg er unnið eftir menntastefnu Reykjavíkurborgar, Látum draumana rætast, sem hefur það meginmarkmið að öll börn fái að vaxa, dafna og njóta sín í lýðræðislegu samfélagi sem byggir á mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019). Sérkennslustefna Reykjavíkurborgar byggir á hugmyndafræði leikskóla án aðgreiningar þar sem öll börn eiga rétt á jöfnum tækifærum til leiks og náms. Stefnan byggir einnig á hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar sem felur í sér að bregðast skuli strax við þegar áhyggjur vakna um velferð barns. Unnið sé markvisst, með viðurkenndum aðferðum, að því að hafa áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma og auðið er (Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, 2009).



Lausnarleitarferli

Ef starfsfólk leikskólans eða foreldrar hafa áhyggjur af þroska, líðan eða hegðun barns, hefst skipulagt lausnaleitarferli. Foreldrar eru ávallt virkir þátttakendur í ferlinu frá upphafi. Í Rofaborg starfar lausnaleitarteymi sem hittist reglulega. Foreldrar/forráðamenn og/eða deildarstjórar geta sett inn beiðni í teymið. Meðal úrræða sem leikskólinn beitir eru t.d. sjónræn vísbendi, félagshæfnissögur og aðlögun umhverfis, sem geta haft veruleg áhrif á líðan og hegðun barnsins.

Ef ástæða þykir til frekari úrræða er haft samband við Austurmiðstöð, þjónustumiðstöð hverfisins, í samráði við og með samþykki foreldra. Þar starfa m.a. talmeinafræðingar, hegðunarráðgjafar, sérkennsluráðgjafar og sálfræðingar sem veita faglega ráðgjöf og stuðning.

Sérkennsla og stuðningur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 eiga öll börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun að mati viðurkenndra greiningaraðila rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þegar barn fær sérstakan stuðning er stofnað teymi utan um barnið, sem samanstendur af foreldrum/forráðamönnum, sérkennslustjóra, deildarstjóra, stuðningsaðila barnsins sem og ráðgjafa frá Austurmiðstöð. Í sumum tilfellum eru einnig í teymi barna ráðgjafar frá Ráðgjafa- og greiningarstöð, ráðgjafar á vegum barnaverndar, sjúkraþjálfarar eða talmeinafræðingar. Teymið hittist reglulega yfir skólaárið þar sem farið er yfir stöðu barnsins, framfarir og næstu markmið sett. Einstaklingsnámskrá er útbúin með hverju barni fyrir sig út frá færnimatslistum, niðurstöðum athuganna og óskum foreldra/ forráðamanna varðandi þau markmið sem sett eru hverju sinni. Öll börn eru einstök og þarfir þeirra ólíkar en öll eru þau hluti af barnahópnum og því á ábyrgð alls starfsfólks. Stuðningsaðilar barnanna sjá til þess að upplýsingar berist til starfsmannahópsins um það hvað unnið er með hverju sinni svo allir geti tekið þátt í því að efla færni barnsins á sem öflugastan hátt. Haft er í huga að leikurinn er aðalnámsleið barna og fer því kennslan að mestu leiti fram í gegnum leikinn. Fylgst er með áhuga barnanna í sjálfsprottum leik og sá áhugi nýttur til að efla færni þeirra á öðrum sviðum.

Farsæld barna - samþætt þjónusta

Farsældarlögin (Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna) tóku gildi í janúar 2022 og fela í sér kerfisbreytingu þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, samhæfingu þjónustu og barnamiðaða nálgun. Meginmarkmið laganna er að tryggja að öll börn fái réttan stuðning, á réttum tíma, frá réttum aðilum, áður en vandi þróast eða verður djúpstæður. Lögunum er ætlað að tryggja það að börnum séu sköpuð skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska á eigin forsendum til framtíðar. Börn og foreldrar/forráðamenn þeirra eiga að hafa aðgang að tengilið farsældar og sinnir sérkennslustjóri því hlutverki í Rofaborg. Hjá tengilið geta foreldrar/forráðamenn fengið aðstoð við að halda utan um og sækja viðeigandi þjónustu. Farsældarlögin leggja áherslu á hlutverk foreldra/forráðamanna og mikilvægi þess að þjónustan sé veitt í nánú samstarfi við fjölskyldu barnsins. Rík áhersla er lögð á traust, virðingu og samvinnu í öllu farsældarstarfi. Nánari upplýsingar um farsældina má finna [HÉR](#)







Aukin málörvun fjöltyngdra barna

Leikskólinn gegnir lykilhlutverki þegar kemur að málörvun fjöltyngdra barna. Á meðan hlutverk foreldra er að styðja við tungumálakunnáttu barna sinna með því að auðga þekkingu þeirra á heimamálinu, leggur leikskólinn áherslu á að styrkja þau í íslensku. Fjöltyngd börn í Rofaborg fá aukna málörvun, innan og utan deilda, einstaklingslega eða í hópum. Þá er unnið með ákveðið viðfangsefni sem yfirleitt hefst á umræðum þar sem stuðst er við myndir og námsefnið Orð eru ævintýri. Í umræðum er tungumál og menning allra barna virt og nemendur hvattir til að deila reynslu sinni og þekkingu á viðfangsefninu í gegnum opnar spurningar þar sem áhuga þeirra er fylgt. Í framhaldi af því er þekking dýpkuð með skoðunarferðum, sköpun, tónlist, spilum og leikjum þar sem börnin fá tækifæri til að nýta orðin sem þau læra. Markmiðið með stundunum er að þau tileinki sér fjölbreyttari þekkingu og orðaforða í aðstæðum sem síðar mun nýtast í leik og starfi.

Verkefnastjóri málörvunar fjöltyngdra barna í Rofaborg heldur utan um íslenskunám barnanna í leikskólanum. Verkefnastjóri málörvunar starfar náið með deildarstjórum og sérkennslustjóra auk þess sem hann stýrir lærdómssamfélagi málörvunar þar sem starfsfólk miðlar þekkingu, reynslu og ráðum sín á milli. Í lærdómssamfélagi málörvunar sitja fulltrúar frá öllum deildum og hefur lærdómssamfélagið það markmið að auka gæði málörvunar fyrir öll börn í Rofaborg.

Samfélagsleg ábyrgð

Þó að starfsfólk Rofaborgar sé jú vissulega hér til að starfa með börnunum og leggja sitt af mörkum við að móta framtíð þeirra teljum við okkur gegna ýmsum öðrum samfélagslegum skyldum (e. collective responsibility). Við horfum því fram á veginn og leggjum hönd á plóg við að byggja upp samfélag þar sem styrkleikar allra eru nýttir og metnir að verðleikum. Við erum í samstarfi við hinar ýmsu stofnanir og aðstoðum unga jafnt sem aldna við að fóta sig í skólasamfélaginu. Dæmi um verkefni sem við tökum gjarnan þátt í eru:

Atvinnutengt nám ungmenna

Barnavernd, þjónustumiðstöðvar og/eða grunn-skólar hafa gjarnan samband og biðja okkur um að aðstoða þau við að veita aukinn stuðning og aðhald við börn í unglingadeild sem, af ólíkum ástæðum, ráða síður við skólagönguna. Unglingarnir koma til okkar nokkrum sinnum í viku og við aðstoðum þau við að fóta sig á vinnumarkaði, veitum þeim aukið aðhald og kennum þeim rétt handtök við umönnun og kennslu ungra barna. Unglingarnir fá laun fyrir, sem og viðveru sína hér metna í námi sínu.

Vinnuskóli Reykjavíkur

Í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur bjóðum við unglingum í 9. og 10. bekk að sækja um sumarstarf í Rofaborg. Margir af þeim sem sækja um hafa verið í Leikskólavalinu, sem fjallað er um hér til hliðar, og vilja gjarnan vera hér yfir sumartímann líka. Við tökum því fagnandi og viljum halda áfram að mynda og styrkja jákvæð og árangursrík tengsl leikskólasamfélagsins við unga samfélagsþegna.

Mímir - Leikskólasmiðja

Í samstarfi við Mími tökum við gjarnan að okkur nemendur af erlendum uppruna sem eru á námskeiðinu "Leikskólasmiðja og íslenska". Nemendur koma til okkar í vettvangsnám í mislangan tíma og fá tækifæri til þess að auka íslenskukunnáttu sína og þekkingu á kennslu leikskólabarna.

Leikskólaval

Undanfarna vetur hefur samstarf milli Árbæjarskóla og Rofaborgar verið aukið með því að bjóða upp á valáfanga fyrir 9. og 10. bekk í leikskólafræðum. Nemendur sem velja sér þann valáfanga fá að kynnast starfsemi leikskólans og kennslu ungra barna, bæði með verkefnavinnu í leikskólanum og fræðslu í Árbæjarskóla. Markmið áfangans er að kynna spennandi umhverfi og skapandi starf leikskólans fyrir ungu fólki, sem á eftir að velja sér starfsvettvang í framtíðinni og vonandi auka þannig aðsókn í leikskólakennaranámið. Þetta tilraunaverkefni gengur vonum framar og viljum við endilega halda því áfram. Unglingarnir sem hafa komið hingað sinna námi sínu af áhuga, mæta vel og stundvíslega og eru frábær viðbót við samfélagið okkar hér í Rofaborg.

Háskólasamfélagið

Við tökum því fagnandi að fá nema til okkar í Rofaborgina og teljum okkur geta lagt marga að mörkum við að veita nemum betri innsýn inn í leikskólastarfið. Vorið 2025 útskrifuðust einnig þrjár starfsmenn hjá okkur úr Menntunarfræðum leikskóla og fengu þar með leyfisbréf til kennslu sem eykur á þann fjölda nema sem við sjáum fyrir okkur að geta boðið til okkar á næstu árum. Einnig tökum við vel í öll boð um önnur samstarfsverkefni við háskólana í þágu skólaþróunar og velferðar barna.

„Hvað ungur nemur, gamall temur“



Eldri börnin í Rofaborg eru dugleg að
aðstoða þau yngri í leik og starfi



Innra mat

Markvisst og greinagott innra mat er óaðskiljanlegur hluti leikskólastarfsins og er gríðarlega mikilvægt fyrir fagþróun leikskóla. Í matinu felst fagleg ígrundun og greining á gögnum til að meta gæði skólastarfs og hvort að tilætlaður árangur hafi náðst út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Í Rofaborg hefur verið útbúin fjögurra ára innra mats áætlun, sem sjá má á næstu blaðsíðu. Einnig er til áætlun um endumat og yfirferð áætlana. Við notumst við rit frá Reykjavíkurborg að nafni “Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs” þegar að við metum starfið. Ritið er eins konar vegvísir sem lýsir því sem á að vera til staðar í leikskólastarfi til þess að það standist lög, sem og gæðaviðmið Reykjavíkurborgar. Í lok hvers skólaárs er svo heildarmati á leikskólastarfinu skilað til Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar í formi starfsáætlunar. Í starfsáætlun er einnig að finna umbótaáætlun fyrir næsta skólaár og umsögn foreldraráðs Rofaborgar. Starfsáætlun er birt í heild sinni, ár hvert, á vefsíðu Rofaborgar.





Innra mat - áætlun	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	X		X	
Faglegt samstarf		X		
Leikskólaþróun og starfsþróun			X	
Skólanámskrá og áætlanir	X	X	X	X
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir		X		X
Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X
Námssvið leikskólans	X		X	
Leikskóli án aðgreiningar	X		X	
Mat á námi og velferð barna		X		X
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	X		X	
Fagmennska starfsfólks		X		X
Starfsánægja	X	X	X	X

Leikskólabragur

Viðmót og menning		X		X
Velferð og vellíðan barna	X	X	X	X
Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	X		X	
Viðhorf foreldra		X		X

Innra mat

Framkvæmd (skipulag og viðfangsefni)		X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X
Opinber birting og umbætur		X		X





„Ég litaði mig úti að leika,
þetta er ég, mark og bolti,
-Kristinn Dagur, 4 ára



„Mér finnst skemmtilegt að lesa
bækur, en þetta er ég að leika í
drullunni,
-Hjörtur Orri, 4 ára



„Þetta erum við með marga
bolta, púðar og holó,
-Erika Sóley, 5 ára



„Ég elska á jólinum að dansa og
ég elska að skrifa, lita regnboga
og mála. Þetta eru holó kubbar,
-Þórdís Björg, 4 ára



„Ég elska að leika og fara í
ferðir. Þetta er ég og vinir
mínir,
-Óliver Máni, 5 ára




Yfirferð áætlana/verkferla	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Nýliðaáætlun - Velkomin í Rofaborg		X		X
Samskiptasáttmáli		X		X
Foreldraviðtalsáætlun	X	X	X	X
Svefn- og hvíldarstefna	X			X
Áhættumat - Vinnueftirlitið	X			
Veikindastefna (Heilsuvernd)		X		X
Rýmingaráætlun	X	X	X	X
Foreldrahandbók - Velkomin í Rofaborg	X		X	
Starfsáætlun	X	X	X	X
Áætlun um lausnarleitarfundi	X	X	X	X
Læsisstefna	X		X	
Áfallaáætlun	X		X	
Áætlun um móttöku nýrra barna	X		X	
Áætlun um vettvangsferðir	X	X	X	X
Áætlun um viðbrögð við slysum	X			X

Myndir úr daglegu starfi



Í leikskóla er enginn dagur eins



Að lokum

Ef spurningar vakna við lestur skólanámskráarinnar má að sjálfsögðu hafa samband við stjórnendur símleiðis eða í gegnum tölvupóst.



411-3840



Rofaborg@reykjavik.is



www.reykjavik.is/rofaborg



Skólabær 2, 110, Reykjavík



Námskrá þessi er í eigu leikskólans Rofaborgar. Ljórmyndir í henni eru teknar og birtar með leyfi foreldra og forráðamanna.

Öll réttindi áskilin; Ekkí er heimilt að afrita myndir úr henni með neinum hætti.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2023/2023.

Edwards, C. (2011). Teacher and learner, partner and guide: The role of the teacher. Í C. Edwards, L. Gandini og G. Forman (ritstj.). *The Hundred Languages of Children* (3 útg.). Praeger.

Reykjavíkurborg, leikskólasvið. (2009). Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/Serkennslustefna_-_Lokaeintak.pdf

Rinaldi, C. (2005). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. Routledge.

Sara Margrét Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2019). 'Drawing and playing are not the same': Children's views on their activities in Icelandic preschools. *Early Years*, 39(1), 51–63. <https://doi.org/10.1080/09575146.2017.1342224>

Smidt, S. (2012), *Introducing Malaguzzi*. Routledge.

Vecchi, V. (2010). *Art and creativity in Reggio Emilia: Exploring the role and potential of ateliers in early childhood education*. Routledge.



10. apríl 2026

Umsögn foreldraráðs

Leikskólinn Rofaborg

Samræmast áhersæur skólanámskrárstarfi leikskólans?

Áherslurnar í skólanámskránni samræmast starfi leikskólans. Einkunnarorð Rofaborgar eru leikur, gleði og vinátta og endurspeglast það vel í nýju skólanámskránni. Mikil áhersla er lögð á læsi, samskipti, heilbrigði, vellíðan, sjálfbærni, vísindi, sköpun og leik. Við í foreldraráði finnum fyrir þessum áherslum út frá okkar börnum. Starfsfólki leikskólans tekst vel að tvinna þetta inn í daglegt starf barnanna.

Er skólnámskrá aðgengileg og auðlesin?

Skólanámskráin er vel upp sett með aðgengilegum texta sem gaman er að lesa. Þar skín í gegn metnaðurinn sem lagður er í það flotta starf sem unnið er á Rofaborg.

Er skólnámskráin góð kynning fyrir foreldra?

Við teljum að skólanámskráin sé virkilega góð kynning fyrir foreldra. Með því að lesa skólanámskrána kynnast foreldrar starfinu sem börnin þeirra eru í daglega.

Eru einhverjar athugasemdir við skólanámskrána?

Við höfum engar athugasemdir við skólanámskrána.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði:

Arndís Benediktsdóttir

Ásta erla Jakobsdóttir

Hanna Rún Smáradóttir

Ingvar Kristinn Guðmundsson